

EYJAFJARÐARBRAUT VESTRI

Sandhólar - Nes

Kynning framkvæmda

Sóley Jónasdóttir
Magnús Björnsson



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri
Maí 2007

EFNISYFIRLIT

1	YFIRLIT	2
1.1	ALMENNT	2
1.2	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR.....	2
1.3	MATSSKYLDA	2
1.4	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR	2
1.5	LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSADILAR	2
1.6	LEYFISVEITENDUR	3
1.7	RANNSÓKNIR	3
2	STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI	4
2.1	STAÐHÆTTIR	4
2.2	NÚVERANDI VEGUR.....	4
3	FRAMKVÆMDALÝSING	5
3.1	ENDURBYGGÐUR VEGUR	5
3.2	EFNISÞÖRF.....	5
3.3	FRÁGANGUR	6
3.4	VINNUBÚÐIR.....	6
3.5	REKSTUR.....	7
4	ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM	8
4.1	VEGAGERÐ.....	8
4.2	EFNISTAKA	8
5	ÁHRIF FRAMKVÆMDAR	9
5.1	LANDSLAG	9
5.2	LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN	9
5.3	JARÐMYNDANIR OG VATN	9
5.4	GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF	10
5.5	SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ.....	10
5.6	MENNINGARMINJAR	10
6	AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA	11
7	NIÐURSTAÐA	12
8	HEIMILDIR	13
9	TEIKNINGAR	13

1 YFIRLIT

1.1 ALMENNT

Vegagerðin er með skýrslu þessari að kynna fyrirhugaða vegaf framkvæmd á Eyjafjarðarbraut vestri, vegnúmer 821, í Eyjafjarðarsveit í Eyjafjarðarsýslu. Til stendur að endurbyggja og leggja bundið slitlag á veginn frá slitlagsenda sunnan Sólgarðs (Saurbæjar) að Nesi í Eyjafjarðarsveit. Vegarkafllinn sem á að endurbyggja er um 4,12 km langur og liggur um lönd Sandhóla, Krónustaða, Hleiðargarðs og Ness, undir hlíðum Hleiðargarðsfjalls. Eins verður gatnamótum við Hólaveg (vegnúmer 826) breytt til að auka öryggi þeirra.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist í júní 2007 og að framkvæmdir við veginn standi yfir í 1-2 mánuði. Áætluð verklok eru í lok september 2007.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi fremur lítil umhverfisáhrif nema hvað varðar umferðaröryggi vegfarenda. Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við ýmsa aðila.

1.2 MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Markmiðið er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á Eyjafjarðarbraut vestri. Miðað er við að vegurinn verði snjóléttari en núverandi vegur, með bundnu slitlagi og hannaður fyrir 80 km/klst hámarkshraða.

1.3 MATSSKYLDA

Framkvæmdin er ekki matsskyld skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

1.4 AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum er Eyjafjörður. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer beint undir vegagerð og efnistöku er í Eyjafjarðarsveit.

Framkvæmdin afmarkast af uppbyggingu vegarins á svæðinu og efnistöku. Rekstur mannvirkisins og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur. Mögulegt framkvæmdasvæði sést á teikningu 1.

1.5 LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR

Samráð verður haft við eftirtalda aðila og þeim send kynningargögn:

Landeigendur, um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu:

- **Saurbær:** Ríkissjóður Íslands (landeigandi), Einar Benediktsson (ábúandi), Saurbæ, 601 Akureyri
- **Sandhólar:** Jóhannes R. Sigtryggsson, Sandhólum, 601 Akureyri
- **Krónustaðir:** Guðbjörg Bjarnar Guðmundsdóttir, Krónustöðum, 601 Akureyri
- **Hleiðargarðurur:** Þór Jóhannesson og Helga Björg Sigurðardóttir, Hleiðargarði, 601 Akureyri
- **Æsustaðir:** Bragi Steingrímsson og Smári Steingrímsson, Æsustöðum, 601 Akureyri
- **Nes:** Lífsval ehf. Skútuvogi 5, 104 Reykjavík

Sveitastjórn Eyjafjarðarsveitar varðandi framkvæmdaleyfi

Veiðifélag Eyjafjarðarár vegna efnistöku

Landbúnaðarstofnun, veiðimálastjóri vegna efnistöku

Þá verður haft samband við framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdir hefjst.

1.6 LEYFISVEITENDUR

Í samræmi við 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þarf Vegagerðin að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Eyjafjarðarsveitar.

Í samræmi við 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungaveiði þarf Vegagerðin að sækja um leyfi til Landbúnaðarstofnunar vegna efnistöku í Eyjafjarðará.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

1.7 RANNSÓKNIR

Jarðfræðingur hjá Vegagerðinni hefur gert efnisrannsóknir á framkvæmdasvæðinu. Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa gengið veglínuna og þversniðsmælt hana. Starfsmaður Veiðimálastofnunar hefur skoðað efnistökusvæði í Eyjafjarðará og komið með ábendingar varðandi efnistöku. Ekki er talin þörf á öðrum rannsóknnum þar sem framkvæmdin er nær öll á núverandi vegi.



Mynd 1. Núverandi vegur milli Sandhóla og Ness. Horft til suðurs í átt að Nessi.

2 STADHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

2.1 STADHÆTTIR

Eyjafjarðarbraut vestri liggur um vesturhlíðar Eyjafjarðar, frá Hringvegi við Leiruveg, að Halldórsstaðavegi í Eyjafjarðardal.

Fjöllin umhverfis framkvæmdasvæðið eru há, klettótt og skriðurunnin. Gróðurlendi er talsvert neðan til í hlíðunum en lítið þegar ofar dregur. Að ofan eru fjöllin víðast flöt og nær algjörlega gróðurlaus. Láglandið er flatt og grasgefið og myndar ræktað land víða samfellu bæ frá bæ. Eyjafjarðará streymir um dalbotninn, lygn en allvatnsmikil.

Bæjarstæði Sandhóla, Krónustaða og Hleiðargarðs eru vestan Eyjafjarðarbrautar vestri, við rætur Hleiðargarðsfjalls. Bærinn Nes eru austan vegar, á hól skammt frá bökkum Eyjafjarðarár. Tún næst þjóðveginum að austanverðu eru flöt en vestan vegar hallar öllu landi og eru efstu túnspildurnar alllangt uppi í hlíðinni.

Eyjafjarðará liggur meðfram veginum og mjög nálægt á köflum. Talsverð veiði er í ánni og árið 2005 var hún skráð 4. efsta áin í bleikjuveiði með 1516 fiska auk 389 urriða og 10 laxa.

2.2 NÚVERANDI VEGUR

Vegsvæði Eyjafjarðarbrautar vestri sem er tengivegur telst vera 30 m breitt og nær 15 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar. Núverandi vegur milli Sandhóla og Nes er hluti af Eyjafjarðarbraut vestri sem er 42,7 km löng og liggur um vesturhlíðar Eyjafjarðar. Búið er að byggja upp veginn og leggja bundið slitlag á um 27 km langan kafla frá Hringvegi að slittlagsenda skammt norðan við Sandhóla. Vegurinn frá Sandhólum að Halldórsstaðavegi er um 15 km langur.

Kafliinn sem stendur til að endurbyggja er nokkuð uppbyggður en á köflum er hann allt að því lægri en landið umhverfis. Víða er ofaniburður lítill og hann veðst upp í bleytu. Á veginum eru nokkrar krappar beygjur sem standast ekki öryggiskröfur Vegagerðarinnar. Vegurinn er malarvegur og er nokkur rykmengun í nágrenni hans. Þar sem íbúðarhús að Sandhólum og Nesi eru það nálægt veginum, má gera ráð fyrir að truflun sé af hljóð- og rykmengun.

Ársdagsumferð á Eyjafjarðarbraut vestri var 131 bílar á dag árið 2005. Framreiknuð umferð árið 2025, 20 árum seinna, er 152 bílar á dag. Hlutfall þungra bifreiða hefur ekki verið metið.

3 FRAMKVÆMDALÝSING

3.1 ENDURBYGGÐUR VEGUR

Útboðskaffinn liggur frá stöð 80 við slitlagsenda sunnan Sandhólum að stöð 4200 við Nes. Framkvæmdasvæðið lendir að mestu innan núverandi vegsvæðis. Í nokkrum beygjum á kaflanum er legu vegarins lítillega breytt til að bæta öryggi vegfarenda en þar lendir framkvæmdasvæðið að einhverju leiti utan vegsvæðis. Þar sem veglínan fylgir núverandi vegi verða sumstaðar breytingar á hæð vegarins þar sem burðarlagi og klæðingu verður bætt ofan á núverandi veg. Breidd framkvæmdasvæðis fer eftir hæð fyllinga og dýpt vegskeringa. Víðast hvar er skorið lítillega niður í yfirborð núverandi vegar fyrir burðarlagi nýja vegarins en hliðarskeringar eru óverulegar. Á nokkrum stöðum er hæðarlegu breytt töluvert.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdasvæðið verði að jafnaði um 10-15 m breitt en mesta breidd er um 18 m. Almennt er gert ráð fyrir að nota eins lítið framkvæmdasvæði og unnt er og er það tilgreint í útboðsgögnum.

Gatnamótum við Eyjafjarðarbrautar vestri og Hólavegar (vegnúmer 826) verður breytt og þau færð um 40-50 m sunnar.

Vegurinn verður af vegtegund C2, sem er 6,5 m breiður vegur með 6,3 m bundnu slitlagi. Hönnunarhraði er 80 km/klst.

Vegrið verða sett meðfram vegi ármegin í stöðvum 188-357 og 3388-3657. Samtals 438 m. Vegriðin eru við veginn þar sem hann liggur næst Eyjafjarðará.

Gert er ráð fyrir að endurnýja öll ræsi í veginum. Þau eru alls 12 og eru í stöðvum; 334, 692, 832, 1226, 1456, 1641, 2168, 3060, 3436, 3567, 3745 og 3855.

Vegtengingar að heimreiðum, túnnum og vegslóðum verða aðlagðar hæðarlegu nýs vegar.

Búast má við að umferð um svæðið teffist eitthvað meðan á framkvæmdum stendur. Á framkvæmdatíma eykst hljóð- og loftmengun á svæðinu vegna umferðar stórra vinnuvéla.

3.2 EFNISÞÖRF

Áætluð efnisþörf í verkið er um 38.600 m³. Verktaki má hvergi taka efni til vegagerðar nema úr vegskeringum og úr námum á áreyrum Eyjafjarðarár. Frekari upplýsingar um efnisþörf og efnistöku má sjá í töflum 1 og 2 hér fyrir neðan.

Tafla 1. Efnisþörf

	Magn (m ³)
Klæðing	1000
Efra burðarlagsefni	6.500
Neðra burðarlagsefni	18.900
Fyllingar og fláafleygar	14.700
Samtals	41.100

Tafla 2. Efnistaka

	Klæðing (m ³)	Efra Burðarlag (m ³)	Neðra burðarlag (m ³)	Fyllingar og fláafleygar (m ³)	Samtals (m ³)
Náma A – Eyjafjarðará við Stíflubru	1.000	6.500			7.500
Náma B – Eyjafjarðará við Hleiðargarð			18.900	5.500	24.400
skeringar				9.200	9.200
Samtals	1.000	6.500	18.900	14.700	41.100

Náma A – Eyjafjarðará ofan Stíflubruar

Náman er í áreyrar vestan Eyjafjarðará, rétt ofan Stíflubruar. Efni á þessum stað er mól sem vinna á í efra burðarlag og klæðingu. Áætlað er að taka um 7.500 m³ af efni á þessum stað á um 17.000 m² svæði. Efni hefur áður verið tekið á þessum stað.

Náma B – Eyjafjarðará við Hleiðargarð

Náman er í tvennar áreyrar Eyjafjarðará á milli Hleiðargarðs og Æsustaða. Efnið í þessum eyrum er mól sem nota á í burðarlag og að einhverju leyti í fyllingar. Önnur eyrin er vestan við núverandi árfarveg en hin er aðeins ofar en áin rennur í dag sitt hvoru megin við hana. Áætlað er að taka allt að 24.400 m³ af efni úr námunni á um 18.000 m². Ef efni úr vegskeringum reynist nothæft sem fyllingarefni gæti efnistaka úr neðri eyrinni minnkað.

Sett verður fyrirstaða í vestari kvísl núverandi farvegs og ánni veitt með austurbakkanum á meðan á efnistöku stendur. Að efnistöku lokinni verður ánni veitt yfir efnistökusvæði og færirst því árfarvegur frá núverandi árbökkum.

3.3 FRÁGANGUR

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga og skeringa. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Samhliða efnistöku munu árbakkar að austan við efnistökuastaði verða rofvarðir en í dag er talsvert rof vegna ágangs Eyjafjarðará á þessum stöðum. Gerðar verða rofvarnir á 210 m löngum kafla á eystri árbakka ofan við Stíflubru og 130 m kafla austan við ána á milli Hleiðargarðs og Æsustaða, sjá mynd 2.

Núverandi girðingar munu raskast á nokkrum köflum, samtals á um 1000 m. Vegagerðin mun sjá um að girða meðfram veginum í samráði við landeigendur þar sem girðingar raskast. Vegagerðin mun tryggja áfram tengingar inn á tún og að veiðistöðum og aðlaga þær að nýrri hæðarlegu vegar.

3.4 VINNUBÚÐIR

Ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við heilbrigðisefirlit Norðurlands eystra, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

3.5 REKSTUR

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins. Framkvæmdir sem tengjast rekstri eru m.a. viðhald og snjómokstur. Þá tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar.

4 ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim. Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

4.1 VEGAGERÐ

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Þegar endurbyggður er gamall vegur má búast við að áhrif framkvæmdarinnar séu minni en þegar um nýbyggingu er að ræða. Helstu áhrif við endurbyggingu Eyjafjarðarbrautar vestri felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi.

Vegaframkvæmd getur haft áhrif á gróin svæði, jarðmyndanir og mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Vegaframkvæmdir geta haft sjónræn áhrif og markað ný spor í landslagið.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýr vegur er hannaður til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Bættar samgöngur kunna að hafa margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Loks má gera ráð fyrir að fyrirhuguð vegarlagning hafi áhrif á hagræna þætti og fara þau eftir arðsemi framkvæmda. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

4.2 EFNISTAKA

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnisþörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnisþörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega þarf efni í klæðingu, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, veiði, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

5 ÁHRIF FRAMKVÆMDAR

5.1 LANDSLAG

Landslagið í nágrenni framkvæmdasvæðisins er fjölbreytt að lögun og flokkast sem samsett landslag skv. skilgreiningu í leiðbeiningarriti um námur, efnistöku og frágang. Landslagið ber einnig sterk einkenni af landbúnaði en vegurinn liggur ýmist milli túna eða beitolanda. Girðingar eru meðfram núverandi vegi á nær öllum kaflanum. Mjög gott útsýni er frá framkvæmdasvæðinu yfir flatlendið neðan hliðarinnar. Eyjafjarðará hlykkjast um flatlendið sem er votlent og allt gróið.

Áhrif á landslag

Framkvæmdin mun hafa lítil áhrif á landslagið, bæði á efnistöku og þar sem vegurinn liggur. Landslaginu við vegarstæðið hefur þegar verið raskað með vega- og annarri mannvirkjagerð og helst veglína að mestu óbreytt. Efnistaka fer fram á áreyrum og munu ummerki eftir hana verða lítið áberandi að framkvæmdum loknum.

Gert er ráð fyrir að vegkantar verði fljótir að gróa upp og því mun sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu hverfa fljótt.

5.2 LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN

Framkvæmdin liggur um lönd Sandhóla, Krónustaða, Hleiðargarðs og Ness. Allir bæirnir tilheyrðu áður Saurbæjarhreppi áður en sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit varð til. Á öllum bæjunum við fyrirhugað vegarstæði, nema Nesi, er stundaður hefðbundinn búskapur. Þá eru lítil sumarhúsabyggð í landi Krónustaða og við Nes er skógræktarreitir ofan vegarins. Nokkrir veiðistaðir eru í Eyjafjarðará á þessu svæði. Efnistaka er í landi Saurbæjar, Hleiðargarðs og Æsustaða.

Nokkrar lagnir liggja um svæðið.

- Rafstrengur. Loftlína liggur meðfram veginum á köflum og yfir veg nálægt stöð 700.
- Jarðsími liggur meðfram vegi á köflum og undir veg í nágrenni við bæina.

Áhrif á landnotkun

Landeigendur og vegfarendur við framkvæmdasvæðið munu verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Tími og tilhögun efnistöku verður ákveðinn í samráði við Veiðifélag Eyjafjarðarár en reynt verður að takmarka áhrif á veiðimenn eftir því sem við verður komið. Íbúar, vegfarendur og veiðimenn munu verða fyrir minni truflun vegna ryks og hávaða frá umferð að framkvæmdum loknum.

Vegurinn mun ekki raska tünnum eða beitolöndum en hliðra þarf girðingum á köflum. Reiknað er með að framkvæmdin muni ekki hafa veruleg áhrif á landnotkun á svæðinu sem hún liggur um.

5.3 JARÐMYNDANIR OG VATN

Fyrirhuguð veglína liggur eingöngu um þurrlendi. Efnistaka verður í áreyrum Eyjafjarðarár á tveimur stöðum.

Áhrif á jarðmyndanir

Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar. Eins og áður kom fram verður hann að mestu lagður á fyllingu og því lítil hætta á að jarðmyndunum verði raskað.

Áhrif á vatn

Vegurinn liggur hvergi um votlendi. Farvegur Eyjafjarðarár mun breytast lítillega að efnistöku lokinni en rof úr bökkum árinna við efnistökuastaði mun minnka. Vegagerðin álitur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnsbúskap á svæðinu.

5.4 GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF

Veglína mun fylgja núverandi vegi að mestu leiti. Efnistaka verður úr áreyjum Eyjafjarðarár. Bakkar Eyjafjarðarár verða rofvarðir við efnistökuastaði. Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla er að finna í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Framkvæmdin er á áður röskuðu svæði.

Áhrif á gróðurfar

Reiknað er með að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verði óveruleg þar sem svæðið er að mestu raskað fyrir.

Áhrif á dýralíf

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Efnistaka mun breyta farvegi og botni Eyjafjarðarár á afmörkuðum stöðum. Reiknað er með að áhrif á dýralíf verði óveruleg.

5.5 SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Engar náttúruminjar sem eru á Náttúruminjaskrá eru í næsta nágrenni framkvæmdasvæðisins.

5.6 MENNINGARMINJAR

Samkvæmt Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar eru engar skráðar minjar á framkvæmdasvæðinu.

Áhrif á menningarminjar

Engar minjar eru þekktar á framkvæmdasvæðinu. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Norðurlands eystra um aðgerðir sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000. Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðisins.

6 AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæði og skeringasvæði. Verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan framkvæmdasvæðis á verk tíma nema að námum.
- Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari að öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.
- Gerðar verða kröfur um að vinnuvélar séu í góðu ástandi og ekki sé olíuleki eða olíusmit frá þeim.
- Ef verktaki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það landeigendur.
- Landeigendum verða greiddar bætur fyrir efni úr námum sem notað verður til vegagerðar.
- Girt verður að nýju þar sem hróflað er við girðingum meðfram veginum.
- Til að draga úr rofi úr árbökkum Eyjafjarðarar verða settar rofvarnir á tveimur stöðum við efnistökuastaði.
- Svæðið verður jafnað og reynt að gera sárið í landinu sem minnst áberandi. Vegagerðin mun græða upp fyllingar og vegskeringar í veglínunni.

7 NIÐURSTAÐA

- Vegur verður endurbyggður á 4,12 km kafla og lagður bundnu slitlagi.
- Veglínin fylgir núverandi vegi að mestu og víkur hvergi út af honum nema þar sem nauðsynlegt er vegna öryggissjónarmiða.
- Efnistaka er fyrirhuguð úr vegskeringum á vegsvæði og áreyrum Eyjafjarðarár.
- Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.
- Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast einkum í bættum samgöngum og auknu umferðaröryggi.
- Reiknað er með að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg. Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sárið í landinu sem minnst áberandi.

8 HEIMILDIR

1. Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar, 2007: Heimasíða Eyjafjarðarsveitar, <http://www.eyjafjardarsveit.is/?d=12&m=page&f=viewPage&id=98>
2. Námur, efnistaka og frágangur, 2002: Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfissráðuneytið, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóraembættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins. Reykjavík, 75 bls.
3. Náttúruminjaskrá, febrúar 2005: Heimasíða Umhverfisstofnunar, www.ust.is/natturuvernd/natturuminjaskra.
4. Náttúruverndaráætlun, febrúar 2005: Heimasíða Umhverfisstofnunar, www.ust.is/natturuvern/natturuverndaraetlun..
5. Tómas Einarsson og Helgi Magnússon, 1989: Íslands handbókin, náttúra, saga og sérkenni, Örn og Örlygur, Reykjavík. S. 460-518.

9 TEIKNINGAR

- Teikning 1. Vegagerðin, (2006): Yfirlitsmynd.
- Teikning 2. Vegagerðin, (2007): Grunnmynd af framkvæmdasvæðinu 3 stk.